

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 104/2020

2023/EES/51/11

frá 14. júlí 2020

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1971 frá 26. nóvember 2019 um viðurkenningu á „Universal Feed Assurance Scheme“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við á eftir lið 6azc (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1993) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„6azd. **32019 D 1971**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1971 frá 26. nóvember 2019 um viðurkenningu á „Universal Feed Assurance Scheme“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (Stjtið. ESB L 307, 28.11.2019, bls. 54).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2019/1971, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júlí 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júlí 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 307, 28.11.2019, bls. 54.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.